

Tilmæli 1/2024
Tillaga A 1975/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 1/2024

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki við svari við tilmælum 1/2024 og bíði eftir *pólítísku samráði* um einföldun norræna tvísköttunarsamningsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum að

að hefja yfirferð og endurskoðun á norræna tvísköttunarsamningnum með hliðsjón af tillögum að lausnum í skýrslunni *Störf yfir landamæri á Norðurlöndum: Tillaga að einföldun norrænna skattareglna með áherslu á aukinn hreyfanleika*.

Svar norrænu ríkisstjórnanna

Framtíðarsýnin um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og mest samþætta svæði heims fyrir 2030 er í gildi og höfð til hliðsjónar í formennskuáætlun Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2024. Í því felst að það eigi að vera auðvelt að stunda vinnu yfir landamæri Norðurlanda. Þar kemur skýrt fram að góðar aðstæður fyrir störf án staðsetningar og fjarvinnu skipti miklu máli fyrir bættan hreyfanleika og samþættingu.

Norrænu ríkisstjórnirnar hafa kynnt sér tillögur skýrslunnar. Um er að ræða tillögur um skiptingu skattlagningararréttar í samræmi við skattasamninga en einnig tillögur sem tengjast innri löggjöf landanna. Norðurlöndin taka þátt í mikilvægu starfi hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) sem varðar tillögurnar sem tengjast skattasamningum. Umræðurnar fjalla m.a. um reglur um skattlagningu starfa án staðsetningar og fjarvinnu, þá einnig atriði sem tengjast vinnuaðstöðu heima fyrir. Starfið fer aðallega fram í vinnuhópi sem vinnur að þróun skattasamningalíkans OECD sem liggur til grundvallar norræna tvísköttunarsamningnum og öðrum skattasamningum sem norrænu löndin hafa gert. Góðar líkur eru á að vinnan hjá OECD muni skapa einsleita og



skýrar beitingu reglna skattasamninga á þessu sviði, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur alþjóðlega.

Það er einkum með hliðsjón af þeirri vinnu sem fer fram hjá OECD að norrænu ríkisstjórnirnar telja ekki að svo stöddu ástæðu til að endursemjja um norræna tvísköttunarsamninginn. Á norrænum vettvangi verður þó áfram unnið að því að bæta aðstæður vegna vinnu yfir landamæri á Norðurlöndum. Sem dæmi má nefna að Svíar og Danir hafa undirritað nýjan Eyrarsundssamning en honum er ætlað að auðvelda vinnuferðalöngum að stunda fjarvinnu og efla vinnumarkað á Eyrarsundssvæðinu. Þá funda bæði viðkomandi ráðherrar og embættismenn reglulega og ræða málefni sem tengjast norræna tvísköttunarsamningnum. Í því starfi munu m.a. þau atriði sem fjallað er um í skýrslunni að gegna mikilvægu hlutverki.

Norrænu ríkisstjórnirnar telja hér með að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Við fyrstu sýn virðist svarið við tilmælunum sem borist hefur ekki vera skrifað fyrir hönd norrænu ríkisstjórnanna eða Norrænu ráðherranefndarinnar heldur einungis fyrir hönd sænsku ríkisstjórnarinnar um afstöðu hennar til þess hvernig standa eiga að norrænu samstarfi.

Þetta kemur strax fram í innganginum þar sem stendur að framtíðarsýn norrænu forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og mest samþætta svæði heims fyrir 2023 sé í gildi og höfð til hliðsjónar á formennskuári Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2024.

Með hvaða hætti er framtíðarsýnin höfð til hliðsjónar í formennskuáætluninni?

Svörin í tilmælunum eru skýr. Samkvæmt formennskuáætlun Svíþjóðar og sænsku ríkisstjórninni er framkvæmd framtíðarsýnarinnar undir því komin að lausnir finnast í Evrópusamstarfi eða tvíhliða milli landa en ekki milli norrænu ríkisstjórnanna í Norrænu ráðherranefndinni.

Í svarinu segir að norrænu ríkisstjórnirnar telji ekki að svo stöddu rétt að hefja samningaviðræður um norræna tvísköttunarsamninginn, með hliðsjón af þeirri vinnu sem fer fram hjá OECD.

Í svarinu kemur þó ekki fram hvenær skattasamningalíkan OECD sé væntanlegt eða hver sé metnaður norrænu fjármálaráðherranna varðandi inngildingunni samningsins í löndunum. Liggur nú þegar fyrir áætlun um samhæfingu og samræmingu milli norrænu landanna?



Auk þess eru óskýrt hvort evrópski samningurinn eigi að koma í stað norræna tvísköttunarsamningsins sem nú er í gildi. Þá eru ekki heldur nein svör við því hvort nýi samningurinn muni liggja fyrir og vera innleiddur fyrir 2030 með það fyrir augum að framtíðarsýnin verði að veruleika.

Ríkisstjórnin mun aftur á móti leggja áherslu á tvíhliða lausnir á Norðurlöndum rétt eins og gert er með nýjum Eyrarsundssamningi sem að sögn ríkisstjórnarinnar á að auðvelda fjarvinnu á Eyrarsundssvæðinu. Ekki kemur fram í svarinu hvort evrópski samningurinn eigi að koma í stað þessa samnings eða hvort sænska ríkisstjórnin stefni að því að gera tvíhliða samninga svipaða Eyrarsundssamningnum við Noreg og Finnland en þar eru sams konar vandkvæði vegna vinnu að heiman.

Tilmælin um að endurskoða norræna tvísköttunarsamninginn beinast aðallega að fólki og fyrirtækjum sem starfa yfir norræn landamæri vegna þess að enginn þeirra samninga sem nú eru í gildi, hvorki norræni tvísköttunarsamningurinn, vinnuferðalangsamningurinn né Eyrarsundssamningurinn gera ráð fyrir krísum sem gætu lokað landamærum í framtíðinni. Þetta kom ekki síst fram í heimsfaraldrinum þegar vinnuferðalangar neyddust til að vinna að heiman á allt öðrum forsendum.

Nefndin telur að einungis einn skattasamningur eigi að gilda á öllum Norðurlöndum, löndin skeri úr um hver samninganna það verði, en það myndi auðvelda öllu launafólki, atvinnurekendum og yfirvöldum á Norðurlöndum.

Með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram leggur nefndin til að efnt verði til pólitísks samráðs við norrænu fjármálaráðherrana til þess að fá nánari skýringar á svari norrænu ríkisstjórnanna við tilmælunum.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Jani Kokko (sd)

Kim Aas (S)

Mirja Räihä (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Stein Erik Lauvås (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püßs (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Markku Siponen (C)

Ann-Christine Frohm (SD)

Minna Reijonen (saf)

Erling Eidesgaard (T)a

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tor André Johnsen (FrP)